

# Minnisblað

## Úttekt á Fjarðarbyggðarhöllinni á Reyðarfirði 5. desember 2019

Farið var í úttekt á Fjarðarbyggðarhöllinni sem hluta af undirbúning fyrir umsókn Leiknis á Fáskrúðsfirði vegna keppnistímabilsins 2020.

Skoðaðar voru aðstæður og aðstaðan metin. Til hliðsjónar var gátlisti sem er hluti gagna í mótakerfi KSÍ.

Úttektin var gerð af Víði Reynissyni verkefnastjóra hjá KSÍ.

### Niðurstaða:

#### Búningsklefar:

- Ekki eru nægjanlegur fjöldi sæta í þeim búningsklefum er tilheyra knattspyrnuhöllinni.
  - Með notkun á klefum er tilheyra sundlaug og líkamsrækt eru skilyrðum um sæti fyrir 25 náð

#### Leikvöllur og næsta umhverfi:

- Skoða þarf keppnislýsingu
  - Fjöldi ljósa var óvirkur og hefur það eðlilega áhrif á ljósmagn
  - Ef öll ljós virka er ljósmagn nægjanlegt

#### Áhorfendasvæði

- Talsvert var af brotnum sætum en unnið að lagfæringum
  - Öftustu röðinni breytt í bekki og sæti þar notuð til að skipta út

#### Leikvöllur

- Gervigras á leikvelli óviðunandi
  - Mjög slitið og víða göt og viðgerðir sem skapa hættu fyrir leikmenn
  - Skila þarf inn skýrslu með staðfestum niðurstöðum prófana óháðrar rannsóknarstofu s.k.v. grein 8.4.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga.